

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1992

XII

KAFAD VIÐ TVÖ SKIPSFLÖK.

Vettvangskönnun í höfninni
við Flatey á Breiðafirði


7. - 8. september.

Bjarni F. Einarsson



FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK



Staður sem fjallað er um í skýrslunni.

(C) 1992 Bjarni F. Einarsson

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.

Skýrslan er fjölrítuð í 10 eintökum

Forsíða: Neðarsjávarmynd af hluta úr eldra skipsflakinu. Ljós. B.F.E.

Vettvangsathugun í Höfninni við Flatey á Breiðafirði 7.-8. september Kafað við tvö skipsflök

Formáli

Mánudaginn 7. september 1992 var undirritaður sendur á vegum Þjóðminjasafns Íslands til Flateyjar á Breiðafirði til að athuga tvö skipsflök, sem þar höfðu fundist skömmu áður. Með í för frá Reykjavík voru Kristinn Magnússon fornleifafræðingur og Erlendur Guðmundsson kafari og sjómaður. Í Stykkishólmi bættist Þóra Guðmundsdóttir safnstjóri í förina.


Dvalið var í Flatey fram á næsta dag við vettvangsathuganir, bæði á landi og í sjó. Magnús Arnar Jónsson bóndi í Flatey var til aðstoðar við köfunina og lánaði bát sinn til verksins. Köfunarbúning og tæki undirritaðs lánaði Sævar Árnason á Tálknafirði.

Þeir Erlendur Guðmundsson og Sævar Árnason fundu þann 8. ágúst, nú í ár, bátsflak í Höfninni eða í Hafnarey, gegnt þorpinu í Flatey. Tilkynntu þeir félagar viðeigandi aðilum þegar um fund sinn og hafa alla tíð síðan verið í sambandi við áðurnefnda aðila.

Nokkru eftir fundinn var Erlendur á ný við köfun á sama stað og varð þá var við annað flak örskammt frá hinu fyrra og fann þar disk úr ljósu steingóssi með hvítum tin-glerungi báðum megin, skreyttum bláu mynstri.

Þess má geta að annar tveggja bónda í Flatey, Magnús Arnar Jónsson í Krákuvör, hafði bent Erlendi og Sævari á hugsanleg flök í Höfninni, en hann hafði lesið um Ballarárannál, þar sem stóð skrifað um skipstap árið 1659 í Höfninni.

Fundir sem teknir voru á eða við skipsflökin bentu til þess að annað flakið væri hugsanlega hollenskt kaupfar frá miðri 17. öld og að hitt flakið væri fiskiskúta frá aldamótunum síðustu. Í framhaldi af þessu ákvað Þjóðminjasafn Íslands að senda fólk á staðin til athuganna.



Höfnin norður af þorpinu í Flatey. Lega flakanna er ekki nákvæmlega mæld inn á teikninguna og ekki eru flökin heldur í nákvæmum skala. Hér er aðeins um afstöðumynd að ræða, en sé henni fylgt er ekki hægt að komast hjá því að sjá flökin við köfun.

Tilgangur ferðarinnar

Tilgangur ferðarinnar var m. a. að kanna fundarstað nánar, athuga ástand skipsflakanna, legu þeirra og hugsanlega gripi í nágrenni flakanna. Einnig var markmiðið að kanna allar ytri aðstæður við fundarstaðinn, þ.e.a.s. hvernig hugsanlegum framtíðarrannsóknnum myndi reiða af með tilliti til strauma, dýptarinnar niður á flökin, aðstæðna í landi fyrir tækjaútbúnað til köfunar, starfsfólks o. s. frv.

Meginmarkmiðið var þó, útfrá framansögðu, að safna nægjanlegum upplýsingum um fundinn og staðhætti, svo taka mætti ákvörðun um framhald mála og hversu mikið vísindalegt gildi væri fólgið í því að rannsaka skipsflökin nánar.

Aðferðir

Ekki var ætlunin að teikna upp, né mæla á annan hátt flökin, heldur var kafað niður að þeim frá bát og þau skoðuð og ljósmynduð, og nánasta umhverfi sömuleiðis skoðað og ljósmyndað.

Af flökunum var ein litskyggna (50 ASA + flass) tekin, 5 af yngra flakinu og afgangurinn af því eldra. Ofansjávar var ein svart-hvít filma og nokkrar litskyggjur teknar, bæði af fundarstað og ýmsum stöðum á Flateyinni.

Voru tveir kafarar niðri allan tímann sem kafað var, eða samtals 45 mínútur í beinni "frjálsri" köfun (köfun án beins sambands við þá sem eru yfir sjávarmáli). Yfir lá bátur við festar og þar var tími tekinn og fylgst með köfuninni.

Hafnareyjan var athuguð með aðstöðu fyrir loftdælu og rafstöð í huga og var sú athugun jákvæð, þó með þeim fyrirvara að eyjan, og allar aðrar viðkomandi eyjur, eru friðaðar fyrir ágangi manna frá 15. maí til 15. júlí vegna varps fugla (æðakollu). Þetta vandamál er þó leysanlegt.

Viðræður við staðarbúa, eða húseigendur, í Flatey sýndi að húsnæðismál varðandi hugsanlega rannsókn eru audleyst.

Fundarstaður, ástand og gripir

Fundarstaðurinn liggur í kallfæri frá þorpínu í Flatey, vestarlega í gömlu höfninni, sem jafnframt er kölluð Höfnin.

Botn hafnarinnar er sléttur og sendin, án teljandi gróðurs og u.þ.b. 7-9 metra djúpur. Þegar nær dregur flæðarmálinu í Hafnarey grynkar og gróður eykst, og þar liggja bæði flökin.

Þó að vindur hafi verið mikill og vondur sjór þegar kafað var, hafði það engin áhrif á fundarstað og köfunina. Þar var jafn lygnt og endranær og köfun jafn einföld og á besta sumardeg. Einnig lá báturinn, sem notaður var sem köfunarstöð, kyrr.

Flak I

Af eldra flakinu var trúlega ekki mikið eftir og virtist vanta bæði framan af og aftan af skipinu og svo alla yfirbyggingu. Sást í kjölsvínið og 4 borð af innri byrðingi skipsins. Einnig sáust allmörg bönd og eilítið af ytri byrðingi. Nær flæðarmálinu gekk flakið inn undir mikið grjót, sem sennilega var ballestin úr skipinu. Á kafla voru brunablettir á byrðingnum, en ekki hefur það verið orsök þess að skipið liggur þar sem það liggur. Einhvertíma hefur kviknað í einhverju um borð, en sá eldur aldrei orðið verulegur.

Ekki var hægt að áætla lengd flaksins, en það lá nánast í austur - vestur, með framstefnið í vestur. Það sem sást af skipinu var í all góðu ástandi og ekki getur talist miklum vandkvæðum bundið að ná því upp. Megin vandamálið í því sambandi er forvarslan.

Nokkur brot af leirkerum lágu á víð og dreif og var þeim safnað saman og þau tekin. (Voru þau flest öll hreyfð, þ.e.a.s. þau lágu ekki á upprunalegum stað). Sást í eitt brot, sem lág að hluta til undir flakinu, sem var af sömu megingerð og hin brotin, var það látið kyrrt liggja. Öll voru þessi brot af hvítglerjuðu steingóssi og sum með bláu skrautverki, allt eins og diskurinn, sem getið var hér að framan. (Kallast þessi leirker "fiance" á sænsku. Glerungurinn er tinglerungur, sem gefur hin hvíta lit. Gæti þau t.d. heitið postulínslíki á íslensku!). Þessi tegund af leirkerum eru að mörgu leiti einkennandi fyrir 17. öldina alla í norðurálfu og voru aðalega framleidd í Hollandi, Frakklandi eða Englandi. Diskurinn frá Flatey er örugglega aldursgreindur af Vilhjálmí Erni Vilhjálmssyni og Guðrúnu Sveinbjarnardóttur til miðrar 17. aldrar og af hollenskum uppruna.

Flak II

Flak þetta liggur aðeins nokkrum metrum frá flaki I og á sama dýpi. Sýnu meira er eftir af þessu flaki, svo sem möstur, dekk, hlerar og byrðingar. Einnig var stór kassalaga hlutur úr jární, sem sem gæti hafa verið hús yfir akkeri. Innan um tréborðin lágu sökkur, tunnustafir og aðrir óræðir skipshlutar. Þó er ekki hægt að tilgreina nákvæmlega lengd skipsins, sem lá á sama hátt og flak I með framstefnið í sömu átt.

Merkustu hlutirnir sem sáust voru tvær fallbyssur, u.þ.b. 2 metrar á lengd. Því er ótrúlegt að um sé að ræða fiskiskútu frá aldamótunum síðustu. Flakið hlýtur að vera eldra og er varla íslenskt!

Hvorugt flakið liggur mjög niðurgrafið í sandinn eða mölina á sjávarbotninum. Flak I (eldra flakið) liggur u.þ.b. 0,1-0,3 m. undir botninum og flak II er að meginparti ofar botninum.

Niðurstaða

Köfunartæknilega séð er Höfnin við Flatey ákaflega fáum annmörkum háð. Þar eru engir straumar, rétt við flæðarmál, grunnt og stutt í byggð (allavega á vissum tímum ársins). Skiptir ekki verulegu máli hvenær ársins rannsókn færi fram, þó heppilegast væri að rannsaka staðinn að sumri.

Kostnaður við hugsanlega rannsókn yrði tiltölulega lítill sökum þess hve flökin eru aðgengileg. Kostnaður vegna tækja yrði trúlega einnig lítill, en samkvæmt Erlendi Guðmundssyni myndu hann og Sævar Árnason vilja taka þátt í rannsókninni kauplaust (og sennilega eru fleiri áhugakafarar tilbúnir skv. Erlendi) og lána allan þann búnað sem þeir eiga, sem er bróðurparturinn af því sem til þarf. Mælir undirritaður með því að aðstoð þeirra Erlendar og Sævars yrði þegin.

Hugsanlega mætti leyta til Sjóminjasafnsins, innflytjenda köfunarbúnaðar, Reykhólahrepps, Vísindasjóðs, Þjóðhátíðarsjóðs, fiskimálastofnanna og annarra, varðandi þátttöku í kostnaði vegna rannsókna.

Lágmarksfjöldi fólks við hugsanlegar rannsóknir eru fjórir, tveir samtímis við köfun, einn köfunarstjóri/bátsstjóri og einn til aðstoðar (gripavarsla og frum forvarsla, aðstoð við uppkomu kafara og við athugun á því sem yrði hugsanlega dælt upp frá flakinu/flökunum o. s. frv.). Allir aðilar þurfa að kunna köfun (með réttindi vegna tryggingamála) og skipta með sér verkum, þó einn sé í forsvari (rannsóknarstjóri).

Hversu mikinn tíma þarf til hugsanlegra rannsókna getur undirritaður varla tjáð sig um (vegna reynsluleysis), en varla þarf minni tíma en 3-4 vikur hið minnsta og þá er átt við minniháttar rannsóknir og flakið/flökin ekki tekin upp. Mjög heppilegt væri að leita aðstoðar erlendis (Hollandi). Nægilegt væri að ráða t. d. einn kunnáttuman, sem kynni skil á hollenskum kaupförum og væri vanur köfun. (Ekki þyrfti slíkur aðili að vera viðstaddur allan tímann og nægði jafnvel að fá slíkan sérfræðing í lok rannsókna til að gera skil á tæknilegum atriðum varðandi sjálft flakið).

Vísindalegt gildi hugsanlegra rannsókna er ýmsum annmörkum háð. Leifar eldra flaksins (flaks I) eru litlar og sé þetta hollenskt kaupfar er sennilega litlu við að bæta varðandi slík skip. Hollendingar hafa rannsakað allnokkur skip af þessu tagi og er því þekkingin á þeim allgóð. Þó má alltaf spyrja, voru samskonar skip send á Íslandsmið, sem annarstaðar, og var aðbúnaður manna um borð hin sami. Hvað var keypt á Íslandi og hvað var selt?

Varðandi yngra skipið (flak II), sem er allt heillegra, væri nokkur akkur í því að vita hverskonar skip þetta væri og hversu gamalt það er. Mætti hugsa sér minniháttar prufurannsókn, t. d. að kanna nokkra fermetra og finna heppilegt viðarsýni til trjáhringaaaldursgreiningar (dendrokronologia).

Ekki er hægt að líta fram hjá því að vísindalegt gildi rannsókna er nokkuð háð þeim kostnaði sem í þær fara. Fram hefur komið að slíkum kostnaði er hægt að halda í lágmarki. Ef hafður er í huga sá kostnaður og allar ytri aðstæður, samfara þeirri staðreynd að Þjóðminjasafn Íslands hefur enga reynslu af sjávarfornleifafræðilegum athugunum, er megin niðurstaða undirritaðs sú, að nú gefist Þjóðminjasafni Íslands einstakt tækifæri til að afla sér slíkrar reynslu. Mætti líta á hugsanlegar rannsóknir sem þjálfun starfsmanna á sviði sjávarfornleifafræðilegra aðferða og er það ekki léleg fjárfesting upp á síðari tíma. Varla er nokkur vafi á því að við Íslandsstrendur er urmull af flökum frá öllum tímum og


mun þessi þáttur minjavörslunnar hljóta að eiga eftir að vaxa töluvert í náninni framtíð (alveg eins og slíkt er að gerast hjá nágrannaþjóðum okkar). Mörg flök eru þegar þekkt og hafa áhugakafarar kafar niður að þeim mörgum. Ekki er sennilegt að allir kafarar beri sömu virðingu fyrir flökum, eða hafi til að bera þekkingu á réttarfarslegum hliðum málsins, eins og Erlendur og Sævar hafa sýnt sig hafa. Rannsóknir í Höfninni myndu að öllum líkindum verða til þess að áhugakafarar yrðu fróðari um hvaða lög eru í gildi varðandi flök og hvernig á að standa að fundi flaka í framtíðinni. Ekki er ósennilegt að Flateyjarfundurinn ýti enn undir áhuga kafara á skipsflökum og enn fleiri flök líti dagsins ljós. Vel má hugsa sér að einhver fari að hreyfa við flæðarmálum verslunarstaða frá miðöldum (eða eldri!), t. d. við Þerneyjarsund, Gásir o. s. frv. Til eru málmleitartæki til notkunar neðansjávar sem auðvelda alla gripafundi, en oft eru það einmitt gripirnir sem laða fólk að. Í þessu samhengi má benda á að Magnús bóndi í Flatey er uggandi yfir því að áhugakafarar muni koma og kafa í Höfninni, þrátt fyrir boð og bönn.

Niðurlag

Þegar gengið er um Flatey og rætt við fólk, er ekki hjá því komist að maður heyri eitt og annað og sjái eitt og annað. Þó það komi lítið við þessa skýrslu vill undirritaður þó koma því að, sem gæti skipt máli fyrir Flatey alla, og íslenska minjavörslu almennt.

Í Flatey er glæsilegt 19. aldar þorp varðveitt nánast óspilt. Er þetta sennilega einstakt hér á landi og því einhver ástæða til að búa svo um hnútana að svo verði áfram. Ákveðin spjöll hafa þegar átt sér stað að hyggju undirritaðs og sum eru í bígerð. Ef rétt er, að Flatey sé í eigu ríkisins, telur undirritaður ástæðu til að athuga vissa friðunarmöguleika, svo sem friðun einstakra þátta eyjarinnar, heildarmyndarinnar eða allrar eyjunnar yfirleitt, mannvirki, fuglavarþ, náttúru og svip allan.

Reykjavík, 15. september 1992



Bjarni F. Einarsson, fomalfræðingur